

Nd.

399. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta allengi til meðferðar og rætt það á mörgum fundum. Nefndin sendi frv. til umsagnar landlæknis, Tannlæknafélagi Íslands og Tannsmiðafélagi Íslands, og bárust nefndinni svör frá öllum þessum aðilum, og birtir meiri hl. umsögn landlæknis sem fylgiskjal með nál. þessu. Svo fór að lokum, að nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Vilja tveir nefndarmanna, G. Þ. og S. E. H., samþykkja frv. með einhverri breytingu, og munu þeir skila sérstöku nál. Við aðrir tannlæknarmenn, sem stöndum að þessu nál, teljum hins vegar ekki rétt að samþ. einungis um stundarsakir breyt. á tannlækningalöggjöfinni, þar sem nú er í undirbúningi ný löggjöf um tannlæknanám, og telur eðlilegt og sjálfsagt, að þá verði einnig sett ný löggjöf um réttindi og skyldur tannsmiða. Fyrir því leggur meiri hl. til, að frv. verði afgreitt með svofelldri rökstuddri

DAGSKRÁ:

Deildin telur að svo stöddu ekki ráðlegt að breyta ákvæðum gildandi laga um tannlækningar, nr. 7 14. júní 1929 og nr. 34 23. júní 1932, að því er snertir atvinnuréttindi tannsmiða. Hins vegar telur deildin nauðsynlegt, að námi tannsmiða sé skipað með lögum, og álitur æskilegt, að það verði gert í sambandi við væntanlega endurskoðun á lögum um tannlæknaekennslu við Háskóla Íslands. Enn fremur telur deildin rétt, að sett verði sérstök lög um réttindi og skyldur tannsmiða, og beinir því til heilbrigðisstjórnarinnar að undirbúa slíka löggjöf. Með tilliti til þessa sér deildin ekki ástæðu til að afgreiða frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 150, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. febr. 1947.

Helgi Jónasson, Gylfi Þ. Gíslason. Katrín Thoroddsen.
frsm.

Fylgiskjal.

LANDLÆKNIRINN

Reykjavík, 14. desember 1946.

Til svars bréfi heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 4. þ. m., þar sem leitað er umsagnar minnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar, vil ég taka þetta fram:

Með frumvarpi þessu er farið fram á þá breyting á tannlækningalöggjöfinni, að venjulegir tannsmiðir fái sömu réttindi sem fulllærðir tannlæknar, að því er tekur til þess að setja gervitennur og tanngarða í menn, þ. e. að þeir megi stunda iðn sína skilyrðislaust sem sjálfstæðan atvinnurekstur og hafa bein viðskipti við sjúklinga. Þar sem tannlækningamálum er vel skipað, er þessu ekki svo frjállega hagað, heldur er sú regla höfð og þykir tryggja bezt almenna hagsmuni, að afstaða tannsmiða til tannlækna sé gerð hliðstæð afstöðu nuddara til lærðra lækna, þ. e. að tann-

læknar athugi sjúklingana, leggi dóm á, hvað þeim hentar, og að svo miklu leyti sem sjúklingarnir þurfa á tannsmíði að halda, er tannlæknarnir leysa ekki af hendi sjálfir, hafi þeir forsögn um smíðið og beri ábyrgð á því úr höndum tannsmíða, er þeir hafa í þjónustu sinni eða skipta við. Svo mun þetta vera um öll Norðurlönd, þó að sums staðar kunni að ganga miður vel að halda reglunum uppi, einkum þar sem mikill skortur er tannlækna. Legg ég hér með sem fylgiskjal gögn um, hversu þessu horfir við í Svíþjóð, en Svíþjóð er einmitt forustu land Norðurlanda um skipan tannlækninga, og eru almannatannlækningar Svía (folktannvården) viðfrægar og viðurkenndar.

Höfuðstefna hinnar íslensku tannlækningalöggjafar hefur verið sú að halda tannlækniþjónustu hér á landi í þessu menningarhorfi, að svo miklu leyti sem kostur á að ná til tannlækna hefur leyft. Undantekningin, sem gerð var með lögum nr. 34 23. júní 1932, er heinilað var að löggilda tannsmíði til að starfa sjálfstætt í héruðum, sem eru tannlæknilaus, var neyðarráðstöfun, sem eingöngu réttlættist af tannlæknskortinum. Er löggjafanum skylt að gera sér ljóst, að tannsmíðir geta að minnstu leyti komið í tannlækna stað. Höfuðverkefni tannlækna er að viðhalda og bjarga tönnum fólks, svo að það þurfi sem sjaldnast og helst aldrei á gervitönnum að halda. Gervitennur svara til gervilima, sem að vísu eru góðra gjalda verðir, þegar af eru limirnir, en aldrei má meta þá svo mikils, að vanrækt sé að halda limunum óskertum. Séu tannsmíðir að nauðsynjalausú látnir koma í tannlækna stað, er með því stutt að öfugri þróun í þessum efnum, því að það horfir til þess, að fólk bíði þess og hraði því jafnvel að láta tennur sínar til þess að geta notað sér þjónustu tannsmíðsins.

Vanhirða á tönnum og tannála og önnur tannsyki er einn svartasti blettur á heilbrigðismenningu vor Íslendinga. Hann verður ekki afnáður, nema tannlæknum fjölgi mikillega frá því, sem nú er. Tannlæknar hér á landi eru enn ekki fleiri en svo, að liðlega svarar einum fyrir hvern tug almennra lækna, og utan Reykjavíkur og nokkurra allra stærstu kaupstaðanna er landið algerlega tannlæknilaust. Ef vel væri, þyrftu tannlæknar að vera drjúgum fleiri en almennir læknar, svo sem er í Svíþjóð, og sitja allt að því jafn dreift, nema hentara þætti, að umferðatannlæknar björguðu strjálbýlinu að meira eða minna leyti. En þó að markið yrði sett miklu lægra en þetta, t. d. að þrjú tannlæknar yrðu fyrir hverja fjóra almenna lækna, svipað því, sem er í Noregi, er illa þykir staddur að þessu leyti, á það auðsjáanlega langt í land, að slíku marki verði náð. Af einhverjum ástæðum þykir íslensku námsfólki lítið keppikefli að leggja stund á tannlæknanám. Til þess að reyna að örva aðsókn að slíku námi var fyrir nokkrum árum stofnað til innlendrar tannlækna kennslu hér í háskólanum, en aðsóknin hefur verið sáralítill og virðist nú lokið í bili. Er sennilega þörf á að breyta tilhögum námsins og gera það með nokkru meiri tilkostnaði auðsóttara en tók voru á, er til þessarar kennslu var stofnað af vanefnum á hallaristímum. Með því kynni eitthvað að vinnast, en því miður er þó ekki unnt að búast við nándar nærri viðhlitandi viðkomu tannlækna í bráð, og er vissulega óráðlegt að stofna til nokkurra þeirra breytinga á atvinnuréttindum og atvinnuskilyrðum tannlækna, er geri miður eftirsóknarvert en nú er að leggja stund á tannlæknanám. Veit ég þar fátt, er óvinsælla yrði ef þeim, er tækju til álita að gerast tannlæknar, en ættu þeir að horfa til þess, eftir 4—6 ára háskólanám að loknu stúdentsprófi, þ. e. eftir allt að 12 ára erfiðan og kostnaðarsaman námsferil, að þeim yrði gert að eiga að meiri eða minni keppinautum um atvinnu sína handiðnaðarmenn, er lært hefðu iðn sína með litlum eða engum tilkostnaði á 2—3 árum. Og ekkert er vissara en það, að slík tilhögum mundi um ófyrirsjáanlega framtíð með öllu girða fyrir það, að hinir minni kaupstaðir og þorp, að ekki sé talað um sveitirnar, fengju að nokkrum staðaldri notið þjónustu lærðra tannlækna.

Með tilvísun til þess, er að framan segir, hlýt ég að vara mjög eindregið við því að stofna til þeirrar breytingar á tannlækningalöggjöfinni, er felst í umræddu

frumvarpi. Tel ég eins langt gengið og frekast verður réttlætt með þeim ákvæðum tannlækningalaganna, sem nú gilda, að tannsmiðir fái að starfa sjálfstætt að iðri sinni aðeins á þeim stöðum, þar sem ekki er nokkur kostur tannlækna, og víki tannsmiðirnir, jafnskjótt sem úr því rætist, enda ber að stefna að því, að birgja landið svo að tannlæknum og skipa þeim þannig niður, að tannsmiðir í tannlækna stað verði óþarfir og hverfi sem slíkir með öllu úr sögunni. Tannsmiðir þeir, sem leyfi hafa fengið til sjálfstæðra tannsmiða samkvæmt núgildandi tannlækningalögum, hafa engar réttmætar kvartanir fram að bera út af þessari skipan. Lögin hafa frá upphafi verið algerlega tvímælalaus að þessu leyti, og auk þess hefur skilmerkilega verið tekið fram í hverju leyfisbréfi þessara tannsmiða, hverjum skilyrðum leyfið væri bundið. Þeir hafa því ekki verið gabbáðir út í neitt. Þá má geta þess, sem skiptir verulegu máli í þessu sambandi, að hér er nú skortur tannsmiða til aðstoðar tannlæknum, svo að sumir þeirra hafa orðið að sækja sér slíkt aðstoðarfólk út úr landinu.

Hinu vil ég ekki neita, að tannsmiðir kunni að hafa ástæðu til að kvarta undan því, að þeir séu sem stétt óþarflega háðir tannlæknum sem atvinnuveitendum, og þá einkum fyrir það, að hver tannlæknir á þess nú kost að ala sér upp tannsmiði og haga kennslunni og skammta sér nemendur að miklu leyti eftir geðþótta sínum. Feldi ég ástæðu til, að löggjafinn gengi til móts við tannsmiði með því að skipa námi þeirra með lögum og fela þá kennsluna tannlæknaskóla læknadeildar háskólans. Eftir það teldi ég tannsmiðum vorkunnarlaust að gæta sanngjarnra hagsmuna stéttar sinnar gagnvart tannlæknastéttinni og jafnframt skylt að una því hlutskipti sínu, að störfum þeirra sé skipað á þann hátt í kerfi tannlækninganna, sem samsvorar takmarkaðri kunnáttu þeirra og þezt samrýmist hagsmunum almennings.

Vilm. Jónsson.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.